

Fundargerð



1. Almennar upplýsingar

- 1.1. **Heiti verkefnis:** Verkfundur #13 Ljósleiðaraverkefni í Rangárþingi ytra
1.2. **Dagsetning:** 31.5.2017 **Fundartími:** 9:00 – 11:00
1.3. **Staður:** Skrifstofa Rangárþings ytra, Hellu
1.4. **Höfundur:** Guðmundur Daniélsson (GD)
1.5. **Mættir:** Guðmundur Daniélsson(GD), Ólafur Einarsson(ÓE), Gunnar Þorsteinsson(GP), Sverrir Þórarinnsson (SP), Sævar Eiríksson (SE), Ágúst Sigurðsson (ÁG).

2. Dagskrá

- 2.1. Útistandandi atriði frá tólfta verkfundi
- 2.2. Framgangur við þá áfanga sem unnið er við
- 2.3. Næstu skref og áfangar
- 2.4. Önnur mál er varðar efni fundarins

3. Umræður

- 3.1. Útistandandi mál frá verkfundi 12 eru afgreidd.
- 3.2. GD fór yfir efnismál. Örfáa tugi metra vantar til þess að nægjanlega langur strengur sé til af rétttri gerð í lengsta kaflann svo að klára megi áfanga 8 og þar með 9. Brugðist hefur verið við því og strengur kemur til landsins á næstu dögum. Um er að ræða kaflann frá Bjólu að Ægissíðu. Annað innan áfanga 8 og 9 er á lokametrum og verður lokið þegar strengur berst. Verklök á áföngum 8 og 9 verður því fljótt eftir að strengur berst.
- 3.3. Blástur strengja er hafinn í áfanga 11 (sunnan Þjóðveggar 1). Ákveðið var að blásta streng í gegnum nirðri brunn við enda tilvonandi brúar. Við niðursetningu brunnsins má því tengja rör saman. Aukinn strengslaki verður hafður í syðri brunni vegna þessa. Tengimyndir fyrir áfanga 11 eru í höndum verktaka.
- 3.4. Mikilvægt er að ljúka greftri á milli húss RARIK á Hellu og tengimiðjunnar sem fyrst svo að koma með í streng frá brunni við Arion banka inn í tengimiðju hið fyrsta. Endanlegur frágangur á áfangum 8,9 og 11 eru háðir þessari aðgerð. Grafin verða 3 rör 20mm á milli þessara bygginga. Í sömu aðgerð verður borað út rör fyrir stofnstreng áfanga 10/12 sem liggur í gegnum Hellu.
- 3.5. Verktaki spurðist fyrir um það hvort uppgjör á áfanga 9 (Þykkvabæ) þyrfti að bíða eftir endanlegum frágangi á áfanga 8. Áður hafði verið ákveðið að uppgjör áfanganna yrði sameiginlegt. Þar sem tafir við fráganga á áfanga 8 eru af völdum verkkaupa er annað óeðlilegt en að uppgjör á áfanga 9 geti farið fram.
- 3.6. Strengir vegna ídráttar í fyrirbyggjandi rör í áfanga 10 eru tiltækir. Eins eru rör í áfanga 12 svo gott sem komin í jörð. Verktaki setur niður brunna á næstu dögum svo að blástur strengja geti gengið sleitulaust.
- 3.7. Niðurstaða liggur fyrir um þátttöku sumarhúsa í áfanga 10/12. Verktaki er upplýstur um endanlega þátttöku.
- 3.8. Því sem næst endanleg einlínmynd af kerfinu hefur litið dagsins ljós og er í höndum verktaka. Því er hægt að sinna blæstri á strengjum, tengingu á heimilum og frágangi í brunnum í áföngum 10,11 og 12.
- 3.9. Líklegt er að áfangi 11 (sunnan Þjóðveggar 1) klárast að fullu í viku 24. Plægingu í áfanga 10/12 gæti lokið í viku 23. Endanleg verklök á áföngum 8,9 og 10 og 12 ráðast af afhendingu á strengjum. Á næsta verkfundi gæti tímasetning verkloka verksins í heild legið fyrir.
- 3.10. GD kynnti greinargerð vegna meints aukins umfangs við mælingar. Greinargerðin byggði á yfirliti yfir gögn málsins sem lagt var fram á verkfundi þann 10. Maí. Greinargerðin var lesin



upp og í framhaldi var ýmsum steinum velt upp um málið og greinargerðin rædd í þaula.
Verkkaupi sendir sitt mat á kröfunni síðar í vikunni.
3.11. Fleira ekki rætt og fundi slitið.

4. Niðurstaða / Næstu skref

GD sendir f.h. verkkaupa sitt mat á auknu umfangi við mælingar til verktaka.